

REGLUGERÐ**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir landshöfnina í Þorlákshöfn,
nr. 26 5. febrúar 1970.****1. gr.**

27. grein orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

2. gr.

28. grein orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjaldldagi er 1. apríl eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

29. grein orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

4. gr.

30. grein fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

5. gr.

2. setning 35. greinar, sem verður 34. grein, fellur niður.

6. gr.

36. grein, sem verður 35. grein, orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsollur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutar til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.

b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

7. gr.

Á eftir 38. grein, sem verður 37. grein, komi ný grein, sem verður 38. grein, svo hljóðandi:

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

- | | | |
|----|---|------------------|
| a. | Heimabátar og skip undir 12 lestir brúttó | kr. 500.00 á ári |
| | Heimabátar og skip 12—50 lestir brúttó | — 1 500.00 á ári |
| | Heimabátar og skip 50 lestir brúttó og yfir | — 3 000.00 á ári |
- b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 40.00 pr. tonn. Gjaldalagi greiðslna skv. a. lið er 1. apríl.

8. gr.

1. setning 39. greinar orðist þannig:

Vigtargjald skal vera kr. 12.00 fyrir hverja smálest, sem vegin er á vog hafnarinnar.

9. gr.

42. grein orðist þannig:

Hvert það skip, sem óskar eftir að nota hafnsögumann til hafnarinnar eða frá, skal greiða hafnsögugjald sem hér segir:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar kr. 500.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttórúmllestir og kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmllest frá 100 til 3000 rúmllestir, og kr. 0.50 fyrir hverja brúttórúmllest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni kr. 500.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmllestir brúttó og kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest frá 100 til 3000 rúmllestir, og kr. 0.50 fyrir hverja brúttórúmllest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist kr. 300.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 rúmllestir, og kr. 0.50 að auki fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 100.

- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist kr. 2000.00 á sólarhring eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn aftur heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim.

10. gr.

49. grein orðist þannig:
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. október 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 frá 11. september 1970 um lánveitingar
húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla hljóði svo:

Lán vegna eldri íbúða.

2. gr.

27. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði allt að 80 milljónum króna á ári til kaupa á eldri íbúðum og til þeirra endurbóta á eigin íbúðum öryrkja, sem nauðsynlegar eru til þess að gera þær hæfari til íbúðar fyrir þá.

Ákvæði þessa kafla um lán til kaupa gilda eftir því sem við á um lán til endurbóta á íbúðum öryrkja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 72 1. júní 1972 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. október 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.